

M-79/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-79/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 31. ágúst 2011 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á Renault bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bíllinn hafa verið gallaðan og krefst þess að seljandi endurgreiði sér allan útlagðan kostnað vegna hans frá árinu 2007.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 26. október 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 21. nóvember. Hinn 24. nóvember voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi skilaði stuttri athugasemd til nefndarinnar hinn 25. nóvember.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi lýsir málavöxtum og vandræðum sínum með bifreiðina með eftirfarandi hætti:

„Árið 2007 keypti ég og maðurinn minn, A, bifreiðina Renault Megane nýjan hjá Y. Bíllinn var seldur með tveggja ára ábyrgð.

Þegar bifreiðin var ekin 22.000 km eyðilögðust rúðuupphalarar og rafkerfi í hurðum á bifreiðinni. Að sögn umboðsins var „skipt um alla upphalara og rafkerfi vegna galla“ og var einnig skipt um rofaborð fyrir miðstöð sem bilaði á sama tíma.

Árið 2009 fóru háspennukeflin í bílnum, og var skipt um þau að sögn umboðsins vegna þess að bíllinn var enn í ábyrgð. Seint árið 2009 fóru stýrisendarnir í bílnum, en þá var bíllinn dottinn úr ábyrgð.

Árið 2010 þegar bíllinn var þriggja ára fór startarinn í honum, sem umboðið neitaði að borga þar sem bíllinn var ekki lengur í ábyrgð.

Í maí 2011 bilaði rúðuupphalari og rafkerfi í afturhurð bifreiðarinnar, sem umboðið neitar að borga þar sem „ekki sé um galla að ræða“.

Að endingu hafa báðar framhurðar bifreiðarinnar lekið stanslaust frá því að bifreiðin var keypt árið 2007, en þegar eigandi bifreiðarinnar hafði samband við umboðið vegna þessa fékk hann þau svör að „um franska bifreið væri að ræða sem ekki væri ætluð fyrir íslenskar aðstæður“.

Álitsbeiðandi gerir þær kröfur að seljandi bæti sér allan þann kostnað sem álitsbeiðandi hefur orðið fyrir vegna bilana í bifreiðinni frá árinu 2007, enda bersýnilega um gallaða bifreið að ræða. Álitsbeiðandi segir óeðlilegt með öllu að bifreiðin bili svo ítrekað eins og raun ber vitni þar sem um nýja bifreið sé að ræða. Segir álitsbeiðandi hafa keypt bifreiðina í þeirri góðu trú að með því að kaupa nýja bifreið væri álitsbeiðandi að fá ákveðin gæði og komast hjá þeim kostnaði sem alla jafna fellur til við rekstur eldri og notaðra bifreiða. Vísar álitsbeiðandi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup máli sínu til stuðnings, einkum 15. gr. laganna.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvör seljanda segir eftirfarandi:

1. Umrædd bifreið, xx-000, er af gerðinni Renault Megane og nýskráð 26. janúar 2006. Bifreiðin var upphaflega seld lýsingu en X var umráðamaður frá janúar 2006 og þar til hún kaupir, samkvæmt ökutækjaskrá, bílinn af Lýsingu þann 18. júní 2009.
2. Samkvæmt álitsbeiðni eiganda er krafa hans að Y bæti eiganda kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna bilana bifreiðarinnar frá 2007. Bifreiðin var seld með 3ja ára framleiðsluábyrgð og var skipt um rúðuupphalara í vinstri framhurð og stjórnborð fyrir miðstöð í júní 2007 innan ábyrgðarinnar. Einnig var skipt um háspennukefli í mars 2009 eiganda að kostnaðarlausu en bifreiðin var þá nýlega fallin úr ábyrgð en Y tók þann kostnað á sig.
3. Krafa eiganda er að honum verði bættur kostnaður vegna viðgerðar á stýrisendum 2009, startara 2010 og rúðuupphalara í afturhurð 2011. Ekki fylgja neinir reikningar til grundvallar bótakröfunni en engin þessara viðgerða hefur verið framkvæmd á verkstæði okkar og við höfum því ekki aðrar upplýsingar um þær en það sem kemur fram í álitsbeiðninni.
4. Í álitsbeiðninni segir eigandi einnig að báðar framhurðir hafi lekið frá kaupum á bifreiðinni. Bifreiðin kom nokkrum sinnum á verkstæði okkar í þjónustueftirlit og áðurnefndar ábyrgðarviðgerðir, eða í desember 2006, júní 2007, október 2007, febrúar 2008 og mars 2009, án þess að nokkru sinni kæmi fram hjá eiganda að lekavandamál væri til staðar í bílnum. Sé sú raunin verðum við að hafna ábyrgðarkröfu á þeirri forsendu að hún komi of seint fram, eða tæpum 6 árum eftir að bifreiðin var afhent ný og tæpum 3 árum eftir að framleiðsluábyrgð hennar lauk.

- Umhirða, umgengni, aksturslag, notkun eða notkunarleysi hefur mjög mikil áhrif á endingu bifreiða og íhluti þeirra. Utanaðkomandi þættir geta haft afgerandi áhrif á endingartíma þeirra sem kemur framleiðslugalla ekkert við. Samkvæmt lögum um neytendakaup hefur neytandi tveggja ára kvörtunarfrest, ef ábyrgðarskilmálar framleiðanda kveða ekki á um lengri tíma, nema söluhlut eða hlutum hans sé ætlaður verulega lengri endingatími en almennt gerist um söluhluti, þá er fresturinn 5 ár. Y hafnar því alfarið að stýrisendum eða startara bifreiðarinnar sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti og hafnar allri bótaskyldu vegna viðgerða þessara hluta 2009 og 2010. Varðandi viðgerð á rúðuupphalara afturhurðar í maí 2011 er bótaskyldu einnig hafnað enda bifreiðin rúmlega 5 ára og enga lagastoð að finna fyrir þeirri kröfu eiganda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að þar sem hún sé búsett á B hafi C séð um allar viðgerðir á bílnum. Álitsbeiðandi segir verkstæðið hafa viðurkennd réttindi til að gera við Renault bifreiðar.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaupkaup (nkpl.), sbr. 1. gr. laganna.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í b-lið 2. mgr. segir að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

6. kafli nkpl. fjallar um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Í 1. mgr. 27. gr. segir:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Í 2. mgr. 27. gr. segir:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur að bæði samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. nkpl. hafi álitsbeiðandi glatað rétti til að bera fyrir sig að framhurðir bifreiðarinnar hafi lekið allt frá afhendingu bifreiðarinnar, enda hefur sú kvörtun ekki verið borin upp við seljanda fyrr en nú, meira en fimm árum frá kaupum bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi getur því ekki notfært sér þau úrræði sem honum stæði til boða ef á annað borð sýnt væri fram á að um galla væri að ræða samkvæmt lögnum, en kærunefndin tekur ekki afstöðu til þess álitaefnis.

Þá er ljóst að kvörtun vegna viðgerðar á rúðuupphalara í maí 2011er með sömu rökum einnig of seint fram komin samkvæmt 27. gr. og verður bótakröfu vegna kostnaðar á þeirri viðgerð hafnað á sömu forsendum.

Álitsbeiðandi krefst einnig greiðslu á útlögðum kostnaði vegna viðgerða við stýrisenda 2009 og startara 2010. Ekki liggja fyrir upplýsingar í málinu um hvaða kostnað álitsbeiðandi hefur haft af umræddum viðgerðum. Þá liggja ekki fyrir gögn um að seljanda hafi verið tilkynnt um umræddar bilanir þegar þær urðu. Þegar af þeim ástæðum er kærunefndinni ekki unnt að fallast á kröfur álitsbeiðanda í máli þessu.

Með framangreindum rökum hafnar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa bótakröfum álitsbeiðanda vegna ætlaðra galla á bifreið álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir